

FÖLBLÁR DEPILL KORDA SAMFÓNÍA

Tónleikar 30. maí 2022 kl. 19:30
í Fíladelfíukirkjunni



TÓNLISTARBORGIN
REYKJAVÍK

MetamorPhonics



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Korda Samfónía

Korda Samfónía er eflaust ein óhefðbundnasta hljómsveit landsins. Aðeins rúmt ár er frá stofnun hennar en nú þegar hefur heimildarþáttur um hljómsveitina og meðlimi hennar verið gerður fyrir RÚV, fyrsta plata hljómsveitarinnar kom út í dag og debut tónleikar hljómsveitarinnar voru tilnefndir til Íslensku Tónlistarverðlaunanna sem viðburður ársins.

En hvað gerir hljómsveitina svona sérstaka? Þar er af mörgu að taka, þar sem starfsemi, listrænt ferli, uppbygging og samsetning hljómsveitarinnar fyrirfinnst ekki í hefðbundnu hljómsveitarstarfi, óháð tónlistarstefnu.

Meðlimir Kordu Samfóníu koma frá ýmsum áttum þjóðfélagsins. Þar er að finna sprenglært og þaulreynt starfandi tónlistarfólk sem og nemendur úr Listaháskóla Íslands, en einnig fólk sem orðið hefur fyrir áföllum og er mislangt komið í endurhæfingaferli, sem stutt er af starfs- endurhæfingastöðvum á Suðvesturhorninu.

Korda Samfónía flytur eingöngu frumsamda tónlist sem er samin af meðlimum hljómsveitarinnar í sameiningu og strangar reglur eru um að enginn komi með neitt sem áður hefur verið undirbúið. Öll tónlistin verður til þegar hljómsveitin kemur saman. Það eitt og sér getur talist óhefðbundið, en þegar litið er til þess að hljómsveitina skipa 40 manns sem sumir hverjir hafa engan tónlistarlegan grunn.... verður það að teljast mjög sérstakt. Að auki hittist hljómsveitin eingöngu í 11 daga ár hvert. Á fyrstu 10 dögnum verður öll þeirra tónlist til og á ellefta degi eru haldnir tónleikar!

Korda Samfónía er nýjasta hljómsveitin stofnuð af Sigrúnu Sævars-dóttur-Griffiths og samfélagsmiðaða fyrirtæki hennar MetamorPhonics, sem staðsett er í London. Allar hljómsveitirnar eiga það sameiginlegt að vera samsettar af starfandi tónlistarfólki, nemendum í háskólanámi og fólki í endurhæfingu eftir ýmiskonar áföll. Hljómsveitirnar semja alla sína tónlist í sameiningu, en erlendis starfar MetamorPhonics aðallega með fólki sem er að vinna sig upp úr heimilisleysi.

Hugmyndafræði MetamorPhonics byggir á því, að til þess að fólki vegni vel í lífinu, þurfi það að upplifa sig sem gjaldgenga, virka meðlimi samfélagsins og að á það sé hlustað.

Innan verkefna MetamorPhonics skapast umhverfi sem einkennist af vingjarnlegu, stuðningsríku og skapandi andrúmslofti, þar sem fólk vinnur saman, skapar, lærir, styrkist og vex. Umhverfið er öruggt og fólk er hvatt til þess að taka áhættu, prófa eitthvað nýtt og víkka með því þæginda-rammann. Mikill metnaður er lagður í listrænt gildi tónlistarinnar, sem gerir þátttakendum kleift að vera stolt yfir því sem þau áorkuðu og vita að þeirra list eigi erindi til áhorfenda.

Korda Samfónía er samstarfsverkefni MetamorPhonics með Listaháskóla Íslands, Tónlistarborginni Reykjavík, Starfsendurhæfingu Vesturlands, Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Samvinnu.

Við bjóðum ykkur velkomin á þessa aðra tónleika þessarar mögnuðu hljómsveitar og óskum ykkur góðrar skemmtunar!



Fölblár depill

Þema Kordu Samfóníu í ár var innblásið af bók stjörnufræðingsins Carl Sagan, sem ber nafnið „Pale Blue Dot“. Bókin ber sama nafn og ljósmynd sem tekin var í Voyager 1 geimfarinu, að beiðni Sagan, rétt áður en það hvarf út úr sólkerfinu okkar, þann 14. febrúar 1990. Geimfarið hafði lagt af stað frá jörðu árið 1977, með það að markmiði að taka ljósmyndir af ytri plánetum sólkerfis okkar. Þegar geimfarið var að fara frá „plánetu-hverfinu“ okkar að jaðar sólkerfisins, sneri það við í eitt augnablik, til þess að horfa á heimaplánetu sína í síðasta sinn. Voyager 1 var í um 6,4 milljörðum kíló-metra fjarlægð frá jörðu þegar það náði þessari mynd af veröldinni okkar. Jörðin, umkringd ljósgeislum, birtist sem pínulítil, fölblár depill, aðeins 0,12 pixlar að stærð.

„Horfðu á þennan depil. Þarna er það. Heimili okkar. Hér erum við. Á honum hafa allir lifað sem þú elskar, allir sem þú þekkir, allir sem þú hefur nokkurn tíma heyrt um, hver einasta manneskja sem hefur verið til... allt sitt líf. Samanlögð gleði okkar og þjáning, þúsundir trúarbragða, hugmynda-fræði og efnahagskenninga, sérhver veiðimaður og safnari, sérhver hetja og hugleysingi, sérhver skapari og tortímandi siðmenningar, sérhver konungur og bóndi, sérhvert ungt par- ástfangið, sérhver móðir og faðir, barn með drauma, uppfinningamaður og landkönnuður, sérhver siðfræðikennari, hver spilltur stjórnmálamaður, sérhver “stórstjarna,” sérhver “æðsti leiðtogi”, sérhver dýrlingur og syndari í sögu tegundar okkar... bjuggu hér - á rykkorni umvafið sólargeislum...

...Sagt hefur verið að stjörnufræði sé auðmýkjandi og persónuuppbyggjandi upplifun. Það er kannski engin betri sönnun á heimsku mannlegs yfirlætis en þessi fjarlæga mynd af okkar pínulítla heimi. Fyrir mér undirstrikar það ábyrgð okkar að umgangast hvert annað vinsamlega og varðveita og þykja vænt um fölbláa depilinn, eina heimilið sem við höfum nokkurn tíma þekkt.“

— Carl Sagan, Pale Blue Dot, 1994

Efnisskrá

Paninn Korda Samfónía 2021

Skordýr Korda Samfónía 2022

Fölblár depill Korda Samfónía 2022

Áróra Korda Samfónía 2022

Tengslanet Korda Samfónía 2022

Hringrás Korda Samfónía 2022

Eldsumbrot Korda Samfónía 2022

Migskilningur Korda Samfónía 2021

Hugarhylur Korda Samfónía 2021

Í nýja vídd Korda Samfónía 2022

Allir textar Kordu Samfóníu eru samdir af fólkinu sem flytur þá. Flestir í sameiningu, en lengri sólóstykki eru samin af þeim sem flytja þau.

Paninn

Krumpaðar kræsingar
Kvelja mitt innra
Pikkfastar læsingar
Pirrand' að finna
Ég er ekkert nema vaninn
Held mig útaf fyrir mig
Stundum þykist vera þaninn
Svo ég stækki fyrir þig

Vandræða vilji
Vekur minn ótta
Tel að ég skilji
Taktlausan flóttu
Eitt er það að vera sprunginn
Eins og loftlaust dekkjarhræ
Safnast á mann allur þunginn
Sekk á botninn ekkert ræ

Held ég and' aðeins inn
Þannig líður tíminn
Núna blæs öllu út
Þarf að los' innan hnút

Skordýr

Útundan mér sé ég læðast
Lappaflækju, nær og nær
Og í kokinu ópin, hrópin fæðast
Hvernig get ég komist fjær

Skríðandi skorkvikindi
Vekja óhug, óhug
Svamland' í kring um okkur
Þau far' á flug

Fallegar bjöllur, bjútglingur
Ekki aðeins sporðrekin sem stingur
Fegurðin, í allskonar myndum
Glitrar á silfraðan örlagavef
Glansandi björt í tunglsljósi

Tilvistin okkar samofin
Ótti við það óþekktu
Samt virðumst við dauð og dofin
En bíðum átektu

Jörðin er heimili okkar
Fölblár depill- agnarsmár
Sami kraftur í okkur togar
Í iðrum jarðar - logar bál

Fallegar bjöllur, bjútglingur
Ekki aðeins sporðrekin sem stingur
Fegurðin, í allskonar myndum
Glitrar á silfraðan örlagavef
Glansandi björt í tunglsljósi
Í grasinu skríða bjöllur sameinaðar
fylgja sér
Í grasinu skríða bjöllur sameinaðar
Í tifandi takti
Mikilvægari en við
Mikilvægari en mannfólkið

Fölblár Depill

Sandkorn í tímans rúmi
sólstafir snerta svörð
fegurð í kvöldsins húmi
himinn, haf og jörð

Agnir á leifturhraða
Ljósbrott sem kveikir líf
Verð bara að láta vaða
á vængjum lista svíf

Jörðin fölblá, upp í geimi þú sást
Milljón kílómetrar.
Atómin að slást, litlar verur sem kljást
Þessar stjörnuslettur sem skreyta himininn
Þetta meistaraverk, ég held ég falli í yfirlíð.
Yfir mig. Sólin og tunglið komið yfir mig,
ég held ég falli í yfirlíð.
Víbringur, titringur, hittingur.
E.T. langar að hitt' ykkur
Verð svo mikið, mikið um.
Þið falin í stjörnurýkinu.
Opn' augun.
Hring eftir hring risa sporbaugur
Eins og geisladiskur.
Opn' augun.
Hring eftir hring risa sporbaugur.

Opnaðu augun
Horfðu á lífið
Líttu aftur, sjáðu
Tónlist í regnbogans litum

Tryggir eru förunautar
Sólin á depil skín
Í órávidd vetrarbrautar
þar er veröld mín

Áróra

Fölur er depill blár
svífur undir norðurljósum
himingeimur er hár
Dvalarstað þann við kjósum.

Áróra dansar við himininn
Norðan við Atlandshaf
Hún dansar oftast þegar engin sér til
Svo leyndardómsfull og
töfrandi með glitrandi stjörnur í pilsinu.
Hún býður þér upp í dans.

Í andlausum kulda í myrkrinu
Hún kastar örlaganeti yfir jörðina
Stokka, steina, menn og dýr
Og ljóðin lifna við



Tengslanet

Í byrjun bara apar
Úr takmörkuðu að taka upphaf hér
Ekki byrjuð að skapa
Gef líf og líka taka burt frá mér

Skilaboðin óræð,
Ferðast gegnum flókið tengslanet,
Þeir eru okkar lífæð,
Ætlað verðað einum þegar ég fer

Eigum þeim margt að þakka
Það líf sem er í dag
Heilinn í litlum krakka
Psilocybin kom því öllu af stað

Hringrás

Vatnið himinn og jörð
Hringrás uppsprettan öll
Ofsafengin, getur tekið líf
Umfaðmandi glæðir það á ný
Allt um kring,
Hring eftir hring

Eldsumbrot

Krafturinn í kuklinu - Drunga drynur
Himininn logar - eldfjallið togar
Kvika rennur - Klettur brennur
Móðir jörðin brennandi - niður rennandi
Klettur hrynur - grjótið drynur



Migskilningur

Ég reyn'að skilja mig
reyn'að skilja mig sjálfan
Er ég hálfviti, mér líður alltaf
eins og bjálfa
Ég verð að vilja mig
verð að vilja mig sjálfan
Rétt held mér gangandi
ég helli fæ mér hálfan hálfan

Því ég veit því að þar ert þú
Þarf meir'en þig
Til þess að ég fari frammúr
Því miður ekki alltaf slakur, alltaf kúl, nei
Hvers vegn'er lífið svona mikið púl
Nú í nútíð, nú er sútíð, sem að
draga mig út úr fortíðarþrá og trega
Allt í guddý, gulli úti, eða
Allt er umvafið
í köngulóarvef og efa

Ég byrja að skilja mig
er að elska mig sjálfann
Ég veit sko heilmikið
kallar mig engin bjána
Ég byrja að skilja mig
er að elska mig sjálfann
Ég veit sko heilmikið
kallar mig engin bjána

Held áfram því ég get það
Komið með mér
Komið nú'n'og talið við mig
Já hvenær sem er
Ekki vera valdi óttans,
við munum stopp'ann
Hey, við myndum heilan her
Já hvenær sem er
Her, hvenær sem er
Ég vil'ða, ég skil'ða

Kærleikur komdu til mín



Hugarhylur

Hugur minn heltekur mig
Ég hugsa bara um þig
Hvað ertu að gera?
Hvernig á ég að vera?
Fljótið á mér dynur
Ekkert mig hylur
Af hverju held ég svona fast
Eitthvað innra með mér brast.

Hvernig get ég losnað þér frá
Hugarfriðinn vil fá
Ég þrái að lifa
Nýjan kafla vil skrifa
Finndu mig friður
Hjarta mitt biður
Get ekki haldið svona fast
Fer í brjálæðiskast

Ískalt myrkrið
Skríður fram sem jökull
Straumpung áin niðar
Hylurinn iðar
Dynjandi þögnin
Öskrandi kyrrðin
Hungur hjartans
Sem þráir að hugsa í lausnum

Í nýja vídd

Í nýja vídd
Horft til fortíðar
Annað sjónarhorn
Flýg á ljóshraða
Liðið augnablik

Um borð í Voyager
Stjörnuhrap – ég óska mér
‘Sagan’ – segir þér
hvert upphafið er.

Rykkorn í algleymi
Farinn - og þig geymi
Stjörnur á sveimi
Í aðra vídd ég streymi

Hljómsveitarmeðlimir

Stjórnandi	Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths
Trommur	Skúli Gíslason Jón G. Breiðfjörð Álfgeirsson
Slagverk	Heiðrún Hámundardóttir Izabela Wiak-Witczak Guðjón Mikael Bollason Kolbeinn Örn Guðmundsson Silva Rannveig Smáradóttir Harrison Asena Auður Gunnarsdóttir
Bassar	Gunnar Guðjónsson Sólrún Hedda Benedikz Gunnar Ingi Jósepsson - bassi og gítar
Gítar	Árni Ævarr Steingrímsson Sturla Már Finnbogason - MetamorPhonics lærlingur Práinn Þórhallsson - aðstoðarstjórnandi Mara Birna Jóhannsdóttir

Hljómborð	Sævar Helgi Jóhannsson - aðstoðarstjórnandi Valgarð Hrafnsson Bjarni Karlsson Gunnar Ben - kennari við LHÍ og aðstoðarstjórnandi
Rafhljóð	Samúel Andre Barhelemy - tölva og hljóðgerflar
Fiðla	Agnes Eyja Gunnarsdóttir
Selló	Þorbjörg Daphne Hall - kennari við LHÍ Ólöf Sigríður Valsdóttir - selló og söngur
Flautur	Sæbjörg Eva Hlynsdóttir
Horn	Sara Rós Hulda Róbertsdóttir
Söngvarar	Hrafnhildur Eva Guðmundsdóttir Katrín Sjöfn Sveinbjörnsdóttir Sigurbjörg Tinna Gunnarsdóttir - MetamorPhonics lærlingur Ása Valgerður Sigurðardóttir Þórarinn Örn Þórarinsson - MetamorPhonics lærlingur Ólöf Gunnarsdóttir

Sérstakar þakkir

Hvítasunnusöfnuðurinn Fíladelfía sem veittu okkur ókeypis aðgang að húsnæðinu sínu til þess að halda tónleikana í kvöld!
Karlakórinn Fóstbræður sem gáfu okkur aðgang að æfingarhúsnæðinu sínu okkur að kostnaðarlausu í fyrra og fyrir stórlækkað verð í ár.
Tónlistarborgin Reykjavík, sérstaklega María Rut Reynisdóttir - fyrir frábært samstarf, óbilandi trú á verkefninu og stuðning á öllum sviðum.
Listaháskóli Íslands og þá sérstaklega Gunnar Ben - fyrir frábært samstarf, reddingar, frábæran félagsskap og ómetanlegt tónlistarlegt innlegg.

Práinn Þórhallsson og Sævar Helgi Jóhannsson - fyrir að vera ekki eingöngu frábærir aðstoðarstjórnendur, tónlistarmenn, reddarar og félagar, heldur einnig gull af mönnum og ótrúlega skemmtilegir!
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Samvinna, Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar, Starfsendurhæfing Vesturlands, Akranesi, sérstaklega Ragnhildi Helgu, Gunnrúnu, Thelmu og Önnu Guðnýju - fyrir ómetanlega aðstoð við öflun styrkja, utanumhald um alla reikninga, almennan stuðning og ráðleggingar byggðar á þeirra sérfræðikunnáttu.
Styrktaraðilar - Geðhjálp, Reykjavíkurborg, borgarsjóður á sviði menningarmála og Virk, starfsendurhæfing.

